



MJÓLKÁ – STÆKKUN VIRKJUNAR OG AFHENDING GRÆNNAR ORKU

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

Skipulagslýsing

10. janúar 2023



MJÓLKÁ – STÆKKUN VIRKJUNAR OG AFHENDING GRÆNNAR ORKU

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

Skipulagslýsing

Skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	i
1 Inngangur	1
1.1 Tilgangur og markmið.....	1
1.2 Umhverfismat.....	1
2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar	2
2.1 Staðhættir, umhverfi og nýting	2
2.2 Fyrirhugaðar framkvæmdir	3
2.3 Gildandi aðalskipulag.....	4
2.4 Deiliskipulag.....	4
2.5 Tengsl við aðrar áætlanir.....	4
3 Breyting á aðalskipulagi	7
4 Skipulagsferlið	8
4.1 Kynning og samráð	8
4.2 Umsagnaraðilar	8
4.3 Tímaáætlun verkefnis	8
5 Umhverfismat.....	8
5.1 Matsskylda áætlunar	8
5.2 Umhverfispættir og áhrifapættir.....	9
5.3 Viðmið og vísar	9
5.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna.....	11
5.5 Stefnukostir	12
Heimildir	13

1 Inngangur

1.1 Tilgangur og markmið

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar eru eftirfarandi:

- Að heimila aukna nýtingu vatnsafls á vatnasviði Mjólkár og þar með auka raforkuframleiðslu Mjólkárvirðjunar og bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.
- Að skapa aðstöðu fyrir afgreiðslu og framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti við Mjólkárvirðjun.
- Að skapa betri aðstöðu fyrir báta við ferjubryggju í Arnarfirði.

1.2 Umhverfismat

Aðalskipulagsbreytingin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagsgerðin er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrslan verður fléttuð inn í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og kynningar- og umsagnarferli umhverfismatsins verður samtvinnað aðalskipulagsbreytingunni.


Fyrirhuguð stækkun virkjunarinnar er tilkynningarskyld framkvæmd og verður tilkynning unnin samhliða umhverfismati aðalskipulagsins. Umhverfismat aðalskipulagsins og tilkynningin verða sett fram í einni sameiginlegri skýrslu, í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi tekur skipulagsnefnd sveitarfélags saman lýsingu fyrir skipulagsverkefnið þar sem gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er kynnt opinberlega og almenningur fær rödd í skipulagsvinnunni. Samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, fái tækifæri til að kynna sér áformin strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur.



Mynd 1 Mjólkavirkjun í Arnarfirði. Myndin sýnir þau mannvirki sem heimild er fyrir í gildandi skipulagi. (Loftmyndir, 2017)

2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar

2.1 Staðhættir, umhverfi og nýting

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting tekur til Tangavatns og Hólmavatns á Glámuhálendinu og láglandis, frá Mjólka og að ferjubryggjunni í sunnanverðum Borgarfirði (mynd 1). Skipulagssvæðið tekur því til mannvirkja Orkubús Vestfjarða við Mjólka og Þjóðveg 60, Vestfjarðarvegur innst í Borgarfirði. Umrætt svæði er í landi Borgar í Borgarfirði sem er innfjörður Arnarfjarðar. Orkubú Vestfjarða er eini landeigandi Borgar og Rauðsstaða sem er aðliggjandi jörð í norðri. Jarðirnar ná fyrir allan fjarðarbotninn upp að vatnaskilum á Glámuhálendinu. Orkubúið á öll vatnsréttindi á virkjunarsvæðinu. Orkubú Vestfjarða er eigandi dreifikerfisins á Vestfjörðum en Landsnet á 132 kV og allar 66 kV línur að frátalinni 66 kV línu til Patreksfjarðar sem er í eigu Orkubúsins.

Mjólkavirkjun samanstendur af þremur meginneiningum sem nefndar eru Mjólka I, II og III. Virkjunin var tekin í notkun árið 1958 með 2,4 MW framleiðslu en hefur stækkað í áföngum. Árið 2010 var ráðist í byggingu Mjólka III en fyrir þær framkvæmdir var uppsett afl virkjunarinnar 8,1 MW. Raforkuframleiðsla virkjunarinnar í dag er um 64-75 GWh/ári og uppsett afl 11,2 MW en gildandi aðalskipulag og deiliskipulag heimila allt að 12,05 MW framleiðslu.

Tvö stöðvarhús eru á virkjunarsvæðinu en auk þess eru m.a. stíflur, yfirföll, lokuhús, pípur, veituskurðir og raflínur. Vegna fyrri virkjunarframkvæmda og línulagna liggja víða vegslóðar um svæðið. Á láglandi, við Borgarfjörð, er landbúnaðarland en þar eru einnig stærstu mannvirki virkjunarinnar, m.a. tengivirki og stöðvarhús Mjólka I og II. Ofar er kjarri vaxin hlíð með klettabeltum og þar fyrir ofan tekur Glámuhálendið við. Glámuhálendið einkennist af grýttum og gróðursnauðum holtum og ásum en þar er auk þess fjöldi stöðuvatna.

Árið 2020 opnuðu Dýrafjarðargöng, sem liggja á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Samhliða þeirri framkvæmd og í framhaldi af henni var þjóðvegurinn í Borgarfirði færður nær sjónum.

Nú er unnið að vegbótum á þjóðvegi 60 frá Borgarfirði og um Dynjandisheiði. Gert er ráð fyrir að veglagningu um Dynjandisheiði ljúki árið 2024. Að þeim framkvæmdum loknum og frekari vegbótum á þjóðvegi 60 á sunnanverðum Vestfjörðum er búist við umtalsverðri aukningu umferðar um veginn, þ.á.m. um Borgarfjörð.

Í Arnarfirði er stunduð fjölbreytt nýting á landi og sjó. Fiskeldi hefur vaxið í firðinum og í strandssvæðisskipulagi fyrir Vestfirði¹ er gert ráð fyrir fiskeldissvæðum í samræmi við áhættumat vegna erfðablöndunar og burðarþol fyrir fjörðinn.

Innst í innanverðum og sunnanverðum Borgarfirði er lítil ferjubryggja. Bryggjan er í eigu Orkubús Vestfjarða og hefur lítið verið notuð síðustu ár en gegndi áður mikilvægu hlutverki, m.a. við rekstur Mjólkárveirvirkjunar.

Fornleifaskráning hefur verið gerð á skipulagssvæðinu, þ.e.a.s í Borgarfirði.² Fjallað er um náttúruminjaskrá í kafla 2.5.

2.2 Fyrirhugaðar framkvæmdir

Stækkun virkjunarinnar mun leiða til aukinnar raforkuorkuframleiðslu og betri nýtingar á vatnsafli. Uppsetning orkuafgreiðslustöðvar og stækkun bryggju eru viðbrögð við aukinni umferð um Borgarfjörð, orkuskiptum í samgöngum og vexti í ferðaþjónustu og fiskeldi. Sjá nánar á myndum 1 og 2.

Stækkun virkjunar

Fyrirhugað er að hækka stíflu við Tangavatn um þrjá metra og auka þannig miðlunargetu þess. Einnig á að virkja afrennsli vatnsins með allt að 0,5 MW virkjun við Hólmavatn. Hólmavatn er nú þegar nýtt sem uppistöðulón og stíflan er tilgreind á gildandi aðalskipulagi. Lögð verður um 600 m löng niðurgráfin þrýstipípa frá Tangavatni og að fyrirhuguðu stöðvarhúsi við

Hólmavatn. Virkjað rennsli verður allt að 1,1 m³/s. Með framkvæmdinni næst betri nýting á vatnasviði Mjólkár án mikilla umhverfisáhrifa.

Núverandi stífla við Tangavatn er með 60 m löngu steypu yfirfalli en lengd stíflu, með lausu efni, er um 100 m. Eftir breytingu verður yfirfallið um 80 m langt og lengd stíflu um 230 m. Miðlunarrýmd eykst úr 1,45 Gl í 2,60 Gl og mesta flatarmál lónsins fer úr 0,35 km² í 0,40 km². Notast verður við þann aðkomuveg sem þegar er til staðar og liggur að stíflustæðinu en leggja þarf um 600-800 m langan veg að fyrirhuguðu stöðvarhúsi við Hólmavatn. Samtals þarf um 11.000 m³ af efni í stífluna og er ráðgert að taka efnið nálægt framkvæmdasvæðinu. Leggja þarf um 5 km langan rafstreng frá hálendisbrúninni að inntaki Mjólkárveirvirkjunar III.

Stækkun Mjólkárveirvirkjunar mun leiða til aukinnar raforkuframleiðslu og betri nýtingar á vatnsafli vatnasviðs Mjólkár. Þar með eykst einnig áreiðanleiki orkuafhengingar á Vestfjörðum, sem er einn sá minnsti í samanburði við aðra afhendingarstaði landsins. Jafnframt mun þörfin fyrir varaafli, knúið jarðefnaeldsneyti, minnka.

Afhending grænnar orku

Orkubú Vestfjarða áformar uppsetningu á afgreiðslustöð til afhendingar grænnar orku fyrir vistvæn ökutæki. Annars vegar er um að ræða rafhleðslustöðvar fyrir rafbíla en einnig verður svigrúm fyrir afhendingu rafeldsneytis (vetnis). Afgreiðslusvæðið verður staðsett við þjóðveginn innst í Borgarfirði. Afhending grænnar orku er heppileg á þessum stað vegna nálægðar við virkjunina en hún tengist flutningskerfi Landsnets. Rafbílum fer ört fjölgandi hér á landi og einnig munu samgöngubætur á milli norðanverða og sunnanverðra Vestfjarða leiða til aukinnar umferðar um Borgarfjörð. Orkubúið hefur nú þegar sett upp rafhleðslustöðvar á fimm stöðum á Vestfjörðum. Uppsetning stöðvarinnar verður gerð í samvinnu við Vegagerðina en áætlað er að áningarstaður á hennar vegum verði einnig hannaður í samhengi við afgreiðslustöðina.

¹ Skipulagsstofnun, 2022

² Margrét Hallmundsdóttir, 2010

Til lengri tíma litið sér Orkubúið fyrir sér möguleika á framleiðslu rafeldsneytis á sama stað. Möguleikar verða einnig á afhendingu rafeldsneytis og rafmagns á ferjubryggjunni í Borgarfirði en búast má við orkuskiptum í bátaflotanum á næstu árum.

Stækkun Bryggju

Fyrirhugað er að stækka bryggjuna þannig að minni bátar geti legið við hana í hvaða veðri sem er. Gert er ráð fyrir að stærð bryggjunnar verði innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Bryggjan gæti m.a. gagnast ferðaþjónustubátum og bátum í tengslum við fiskeldi. Þjónustubátar í fiskeldi gætu m.a. átt öruggt skjól við bryggjuna.

Til lengri tíma litið gæti bryggjan verið nýtt til afgangslu á rafmagni og rafeldsneyti fyrir báta eins og fram kom hér að framan. Einnig er mögulegt að rafeldsneyti verði nýtt fyrir fóðurpræmi fiskeldis í Arnarfirði.

2.3 Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2. 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3 2010 (mynd 2). Gerðar hafa verið 13 breytingar frá staðfestingunni. Nú er unnið að heildarendurskoðun skipulagsins og má búast við að nýtt skipulag liggi fyrir í lok þessa árs eða á fyrri hluta næsta árs (2024).

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á trausta innviði til að styrkja byggð og efla atvinnulíf. Sérstök markmið eru sett til að bæta afhendingaröryggi og mæta aukinni orkuþörf. Svigrúm er til viðhalds og stækkunar Mjólkárveikjunnar með byggingu nýrra stöðvarhúsa, þrýstipípa og auknum veitum. Iðnaðarsvæði i1 nær frá láglandi og upp á brún Glámuhálendis. Þar fyrir ofan eru tilgreindir vegir og stíflur á skipulagsupprætti, m.a. við Tangavatn. Neðan iðnaðarsvæðisins er landbúnaðarsvæði.

Ekki er mörkuð sérstök stefna um grænt eldsneyti eða loftslagsbreytingar í gildandi aðalskipulagi. Fyrirhugað afgangslusvæði fyrir rafeldsneyti er á landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Ferjubryggjan í sunnanverðum Borgarfirði er tilgreind í gildandi aðalskipulagi. Endurbætur og minni háttar breytingar á henni eru heimilar.

Orkubú Vestfjarða telur að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar séu í samræmi við þá megin stefnu sem mörkuð er í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og að þær muni hafa jákvæð samfélagsleg áhrif en óveruleg áhrif á umhverfið.

2.4 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Mjólkárveikjun var samþykkt 15.4. 2010. Ráðist var í stækkun virkjunar í samræmi við deiliskipulagið árin 2010 og 2011. Deiliskipulaginu var breytt árið 2018 þegar virkjunin var stækkuð.

Einnig er í gildi deiliskipulag við munna Dýrafjarðarganga í landi Rauðsstaða og Borgar frá árinu 2016. Árið 2017 var deiliskipulaginu breytt vegna uppsetningar vinnubúða sunnan Mjólkár.

Fyrirhugað er að breyta deiliskipulagi Mjólkárveikjunnar í samræmi við þessa aðalskipulagsbreytingu. Auk þess er gert ráð fyrir að breyting deiliskipulagsins við munna Dýrafjarðarganga frá árinu 2017 verði felld úr gildi en að ákvæði um heimild fyrir vinnubúðum yrði sett inn í breytingu á deiliskipulagi Mjólkár.

2.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísi um skipulagsmál og stefnu Ísafjarðarbæjar. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga.³ Leiðarljós stefnunnar er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum þeim hluta landskipulagsstefnunnar sem fjallar um skipulag í dreifbýli, búsetuminjar og dreifingu byggðar.

SKIPULAG Í DREIFBÝLI

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Sjálfbær byggð í dreifbýli: Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli.

Umhverfis- og menningargæði: Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Sjálfbær nýting landbúnaðarlands: Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi: Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi: Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Sjálfbærar samgöngur: Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.

Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga: Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun: Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.

Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf: Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

Sjálfbærar samgöngur: Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

Aðrar áætlanir stjórnvalda á landsvísu

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.⁴

³ Skipulagsstofnun, 2016

⁴ Stjórnarráð Íslands, 2020a.

Markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Tiltekin heimsmarkmið verða notuð sem viðmið við mat á áhrifum áætlunarinnar.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030.⁵

Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi árið 2040.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024.⁶

Markmið byggðaáætlunar er að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Náttúruinjasrá og náttúruverndaráætlun⁷

Náttúruinjasrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Aðalskipulagsbreytingin nær ekki inn á svæði sem tilheyrir náttúruinjasrá. Svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er á C-hluta náttúruinjasrár og Dynjandi og nágreppi hans eru náttúruvætti.

Kerfisáætlun Landsnets⁸

Kerfisáætlun er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir m.a. á markmiðum raforkulaga um afhendingaröryggi og viðmiðum í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Í áætluninni er fjallað um mismunandi uppbyggingarleiðir á Vestfjörðum. Tengipunktur svæðisbundna flutningskerfisins og meginflutningskerfisins er

við Mjólkárveikun og auk þess gegnir virkjunin mikilvægu hlutverki við fæðingu raforku á Vestfjörðum.

Vatnaáætlun Íslands 2022–2027.⁹

Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.

Landslagssamningur Evrópu¹⁰

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

Svæðisáætlanir fyrir Vestfirði

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022.¹¹

Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða var samþykkt af svæðisráði Vestfjarða 7. desember 2022 og biður nú staðfestingar innviðaráðherra. Í tillögunni er mörkuð stefna um nýtingu og vernd fjarða og flóa á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri nýtingu í Arnarfirði, m.a. veiðum, ferðaþjónustu og fiskeldi en einnig verndun í samræmi við náttúruinjasrá.

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024.¹²

Áætlunin er stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er

⁵ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018

⁶ Stjórnarráð Íslands, 2018

⁷ Náttúrufræðistofnun, 2023

⁸ Landsnet, 2020

⁹ Umhverfisstofnun, 2022.

¹⁰ Council og Europe Landscape Convention

¹¹ Skipulagsstofnun, 2022

¹² Vestfjarðarstofa, 2019

m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.


Áfangastaðáætlun Vestfjarða.¹³

Í áfangastaðáætlun er greining á stöðu ferðapjónustunnar á svæðinu. Út frá greiningunni var mótuð framtíðarsýn, sett markmið og gerð aðgerðaáætlun. Í framtíðarsýnni eru Vestfirðir sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðapjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2, sem liggur um Dýrafjarðargöng og Borgarfjörð, og net göngu, hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring.

3 Breyting á aðalskipulagi

Aðalskipulagsbreytingin mun innifela eftirfarandi (sjá einnig mynd 2):

- Stækkun iðnaðarsvæðis i1 við Mjólka á aðalskipulagsupprætti þannig að það taki til afgreiðslustöðvar rafmagns og rafeldsneytis auk framleiðslustöðvar rafeldsneytis við þjóðveginn sunnan Mjólkár. Setja þarf ákvæði í greinargerð um umfang og útfærslu mannvirkjanna.
- Setja þarf ákvæði í töflu um atvinnusvæði í aðalskipulagsgreinargerð vegna stækkunar stíflu við Tangavatn og nýrrar virkjunar. Einnig þarf að gera þarf grein fyrir vegum og efnistökusvæðum. Gera þarf grein fyrir stöðvarhúsi við Hólmavatn á skipulagsupprætti.
- Setja þarf ákvæði sem heimila stækkun bryggju í Borgarfirði. Stækkun bryggjunnar kallar ekki á breytingar á skipulagsupprætti.



Mynd 2 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 (sveitarfélagsupprættur sunnan Djúps). Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru merkt með rauðum hringjum.

¹³ Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018

4 Skipulagsferlið

4.1 Kynning og samráð

Kynningar- og umsagnarferli aðalskipulagsbreytingarinnar og umhverfismats þess verður samtvinnuð.

Kynning skipulagslýsingar

Kynning skipulagslýsingar verður í samræmi við gr. 4.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna verður hægt að nálgast á vef Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is. Hún verður auk þess auglýst í fréttamiðli. Samhliða þessu verður lýsingin send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Kynning tillögu að aðalskipulagsbreytingu

Drög að breytingu á aðalskipulagi verða unnin í samræmi við skipulagslýsinguna og þau kynnt fyrir almenningi. Skipulagsdrögin verða aðgengileg á vef Ísafjarðarbæjar á vinnslustigi. Að lokinni kynningu verður unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við framkomnar athugasemdir og hún lögð fyrir sveitarstjórn. Að því loknu verður tillagan auglýst með sex vikna athugasemdafresti í samræmi við skipulagslög. Þegar aðalskipulagsbreytingin hefur hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar verður gildistaka hennar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

4.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin verður send eftirfarandi aðilum og Skipulagsstofnun til umsagnar:

- ♦ Umhverfisstofnun
- ♦ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ♦ Minjastofnun
- ♦ Landsnet

- ♦ Orkustofnun
- ♦ Vegagerðin
- ♦ Veðurstofa Íslands
- ♦ Samgöngustofa
- ♦ Skógræktin
- ♦ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ♦ Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð, Reykhólahreppur, Árneshreppur, Strandabyggð og Tálknafjarðarhreppur.

Einnig verður óskað verður eftir umsögnum um vinnslutillögu skipulagsins.

4.3 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði kynnt um miðjan janúar 2023. Gert er ráð fyrir að vinnslutillaga verði auglýst um miðjan febrúar og að skipulagstillagan verði auglýst í byrjun maí. Sveitarstjórn getur samþykkt skipulagið í lok júní.

5 Umhverfismat

5.1 Matsskylda áætlunar

Aðalskipulagsbreytingin er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fyrirhuguð stækkun virkjunarinnar er tilkynningarskyld framkvæmd skv. liði 3.15 í viðauka B í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana (vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira). Tilkynningin verður unnin samhliða umhverfismati aðalskipulagsins. Umhverfismat aðalskipulagsins og tilkynningin verða sett fram í einni sameiginlegri skýrslu í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta niðurstöður matsins til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem hluta af skipulagsáætlunum sveitarfélaga og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

5.2 Umhverfispættir og áhrifapættir

Áhrifavaldar eða áhrifapættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu 3 má sjá megin matsþætti og umhverfispætti sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins (vinsun umhverfispátta). Umhverfispættir eru skilgreindir í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana en frekari útfærsla og vinsun þeirra byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur. Í umhverfismatinu verður samspil umhverfispáttanna einnig skoðað.

5.3 Viðmið og vísar

Í umhverfismati áætlana er notast við umhverfisviðmið og vísa til að meta umfang og vægi áhrifa sem áætlunin kann að valda. Viðmiðunum er ætlað

að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfis. Umhverfisviðmið, vísar og tengsl við umhverfispætti eru birt í töflu 4 á næstu blaðsíðu. Viðmiðin eru byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.¹⁴ Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.¹⁵ Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026¹⁶, öðrum áætlunum á landsvísi sem marka stefnu um landnotkun sem og löggjöf sem snertir viðfangsefnið. Í umhverfismatinu verður lagt mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum. Við framkvæmd matsins verða settar fram matsspurningar sem vísa til umhverfisviðmiðanna.

Tafla 3. Matsþættir og umhverfispættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar.

Matsþáttur	Umhverfispættir ¹⁷	Skýringar
Samfélag og innviðir	Íbúar, efnisleg verðmæti, menningarverðmæti, loftslag, náttúruhamfarir	Bættir innviðir munu hafa jákvæð áhrif á samfélagið, þ.e. íbúa og atvinnulíf sem og loftslag. Einnig þarf að skoða neikvæð áhrif, m.a. á menningarverðmæti.
Náttúra	Lífriki, líffræðileg fjölbreytni, land, landslag, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loft, loftslag	Þær framkvæmdir sem gert verður ráð fyrir í aðalskipulagsbreytingunni munu hafa neikvæð og jákvæð áhrif á umhverfið. Aukin framleiðsla endurnýjanlegrar orku og bætt aðgengi að grænu eldsneyti eru dæmi um jákvæð áhrif. Framkvæmdirnar geta haft neikvæð áhrif á lífríki, landslag og fleiri náttúrufarslega þætti.

¹⁴ Stjórnarráð Íslands, 2020a

¹⁵ Stjórnarráð Íslands, 2020b

¹⁶ Skipulagsstofnun, 2016

¹⁷ Byggt á lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Tafla 4. Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á í umhverfismati.^{18 19}

Umvhverfisviðmið	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir
<i>Stuðla að heilbrigðu lífni og velliðan fyrir alla frá vöggu til grafar</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP og Landsskipulagsstefnu	Umferðarslys, aðgengi að útivist, ásýnd lands, hætta vegna ofanflóða, hljóðstig, loftgæði, binding kolefnis, losun kolefnis	Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti, landslag, vatn, loft, loftslag
<i>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP og Landsskipulagsstefnu	Hagvöxtur, íbúafjöldi, ferðapjónusta, viðhorf ferðamanna, staða atvinnulífs og fjölbreytni	Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti, menningarverðmæti
<i>Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP og Landsskipulagsstefnu	Fjarskipti, veitur, umferð, vegflokun, mengun sjávar	Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti
<i>Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP og Landsskipulagsstefnu	Endurnýjanleg orka raforkuflutningur	Íbúar, efnisleg verðmæti, loftslag
<i>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP og lögum um náttúruvernd	Fuglalíf, vatnalíf, gróðurfar, líffræðileg fjölbreytni, landbúnaðarland, verndarsvæði	Lífriki, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur
<i>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP, Landsskipulagsstefnu og Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Binding kolefnis, losun kolefnis, hækkun sjávarborðs, ferðamátar og almenningssamgöngur	Íbúar, heilbrigði manna, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti
<i>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta það á sjálfbæran hátt</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum SP	Ástand sjávar, verndarsvæði, mengun	Íbúar, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, vatn, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti
<i>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi</i> Byggt á: Landsskipulagsstefnu, Velferð til framtíðar, lögum um menningarminjar og Menningarstefnu í mannvirkjagerð: Stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist	Fágæti landslags, ásýnd lands, menningarminjar, fornleifaskráning, náttúruminjar, röskun minja og verðmæta	Íbúar, menningarverðmæti, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti

¹⁸ Stuðst var við Lýsingu fyrir Landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag og lýðheilsu (viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026). Sjá Skipulagsstofnun, 2016.¹⁹ Nánari tilvísanir í Heimsmarkmið, Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, Velferð til framtíðar og Menningarstefnu í mannvirkjagerð er að finna í heimildaskrá í viðauka.

5.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismatið verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfisins og líkleg umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar metin.

Umhverfismatsskýrslan verður fléttuð inn í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar. Þar verður greint frá mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar. Kynningar- og umsagnarferli umhverfismatsins verður samtvinnað aðalskipulagsbreytingunni eins og áður kom fram.

Umhverfismatið verður m.a. sett fram í matöflum. Stuðst verður við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar eins og sjá má í töflu 5 hér til hliðar.²⁰

Tafla 5. Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

²⁰ Skipulagsstofnun, 2007

5.5 Stefnukostir

Í skipulagsgerðinni verða tveir stefnukostir metnir.

- ♦ **Núll-kostur**

Ekki verður af þeim áformum sem fjallað er um í kafla 1.3.

- ♦ **Stækkun virkjunar, bryggju og afhending grænnar orku**

Framkvæmdir í samræmi við lýsingu í kafla 1.3.

Stefnukostir

Stefnukostir eru þeir valkostir sem ákveðið er að taka afstöðu til í umhverfismati áætlunar. Þeir eru þannig bornir saman í umhverfismatinu m.t.t. áhrifa þeirra á umhverfið og mat lagt á hvaða valkostur hefur minnstu óæskilegu áhrifin á umhverfið en stuðlar best að jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur.

Heimildir

Council og Europe Landscape Converntion, 2000. Sótt 3. janúar 2023 af <https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016802f3fb0>

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023. Náttúruminjaskrá. Sótt 4. janúar 2023 af kortasjá NÍ: <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/kortasjar>

Landsnet, 2020. Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029. Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku. Sótt 15. desember 2022 af <https://www.landsnet.is/library?itemid=84c394bd-d024-4aaf-b038-829dff7a1f31>

Loftmyndir, 2017. Loftmyndir teknar af Loftmyndum ehf.

Margrét Hallmundsdóttir, 2010. Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við Mjólkárirkjun. Náttúrustofa Vestfjarða, 01-10.

Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018. Áfangastaðaaætlun Vestfjarða.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 4. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætla. Sótt 6. september 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 28. ágúst 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun, 2022. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022. Tillaga svæðisráðs til ráðherra. Útgefandi er Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.

Stjórnarráð Íslands, 2018. Byggðaaætlun 2018-2024. Sótt 6. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaetlun/byggdaaetlun-2018-2024/>

Stjórnarráð Íslands, 2020a. Heimsmarkmiðin. Sótt 25. ágúst 2021 af <http://heimsmarkmidin.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2020b. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 25. ágúst 2021 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018. Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018. Sótt 5. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is>

Umhverfisráðuneytið, 2010. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013. Sótt 5. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Vestfjarðarstofa, 2019. Sóknaráætlun Vestfjarða. Sótt 12. september 2021 af https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastof-_soknaraaetlun-2020-2024.pdf